

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Inga Rós Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri gagnþjónustu

---

### **Efni: Umsögn um tillögu Sjálfstæðisflokksins um stafrænt mælaborð leikskóla – PON22090038**

Á fundi stafræns ráðs þann 5. október 2022, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 10. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

*Þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að smíða stafrænt mælaborð sem birt verði á vef Reykjavíkur og aðgengilegt af reykjavik.is/leikskolar þar sem fram kemur eftirfarandi: 1.) Hve mörg börn á aldrinum 0-5 ára búa í hverju grunnskólahverfi fyrir sig, greint eftir aldri barnanna. 2.) Hve mörg leikskólarými séu borgarreknum leikskólum í hverju grunnskólahverfi. Tölur verði uppfærðar að minnsta kosti ársfjórðungslega. Eftir birtingu ofangreindra upplýsinga verði næsta skref með þeim hætti að birt verði: 1.) Hve mörg börn í hverju grunnskólahverfi hafa hafið leikskólavist. 2.) Hlutfall barna sem hefur leikskólavist í heimahverfi. Þriðja skref verði með þeim hætti að bætt verði við upplýsingum frá skipulagssviði um hve margar íbúðir séu í byggingu þannig hægt verði að gera grófa spá fyrir um þörf á skóla- og leikskólarýmum í hverju grunnskólahverfi fyrir sig. Þá verði bætt við upplýsingum úr nýju innritunarkerfi leikskóla sem er í smíðum þegar smíði þess er lokið þannig að allir borgarþátttakar sjái með lifandi hætti tölfraðilegar upplýsingar um stöðu innritana og fjölda plássna í leikskólum borgarinnar.*

Tillögunni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 5. október 2022.

### **Svar:**

Þjónustu- og nýsköpunarsvið fagnar tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi hagnýtingu gagna Reykjavíkurborgar með myndrænum hætti. Slík hagnýting gerir upplýsingar aðgengilegri fyrir starfsfólk og íbúa, ásamt því að gera stjórnkerfið gagnsærra. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur einsett sér að einfalda og auðvelda aðgengi notenda að opnum gögnum borgarinnar á vefsíðu Reykjavíkurborgar, nánar tiltekið á nýju gagnahlaðborði borgarinnar.

Yfirstandandi er vinna við framsetningu gagnasagna sem byggðar eru á gögnum frá skóla- og frístundasviði. Þar á meðal er gagnasaga sem fjallar um ýmsa tölfraði er varðar leikskóla og dagforeldra í Reykjavík, bæði borgarrekna og sjálfstæða, svo sem



fjölda á biðlista, stöðugildi á leikskólum o.s.frv. Birting er áætluð á fyrsta ársjórðungi 2024 og verður aðgengileg á gagnahladbord.reykjavik.is þegar þar að kemur.

Til framtíðar er vel mögulegt að bæta upplýsingum við gagnasöguna til að svara mörgum af þeim spurningum sem settar eru fram í þessari fyrirspurn. Sjá nánari athugasemdir við hvern og einn lið tillögunnar hér fyrir neðan.

*Hve mörg börn á aldrinum 0-5 ára búa í hverju grunnskólahverfi fyrir sig, greint eftir aldri barnanna.*

Til þess að birta fjölda barna á aldrinum 0-5 ára innan hvers grunnskólahverfis þá þarf að nálgast gögn frá þjóðskrá og úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Þetta getur gagnþjónustan gert með nokkuð einföldum hætti.

*Hve mörg leikskólarými eru í borgarreknum leikskólum í hverju grunnskólahverfi.*

Upplýsingar um skráningu barna á leikskóla, biðlistagögn, fjölda plássna fyrir hvern borgarrekna leikskóla ofl. er að finna í Völu-leikskóla kerfinu. Yfirstandandi eru viðræður við Advania, sem smíðaði kerfið, um betra aðgengi borgarinnar að þessum gögnum úr kerfinu. Gögnin eru í eigu Reykjavíkurborgar og Advania vinnsluaðili. Verði aðgengi að Völu gögnunum bætt verður hægt að setja af stað sjálfvirkar uppfærslur á gögnum mælaborðsins eftir þörfum.

*Eftir birtingu ofangreindra upplýsinga verði næsta skref með þeim hætti að birt verði: 1.) Hve mörg börn í hverju grunnskólahverfi hafa hafið leikskólavist. 2.) Hlutfall barna sem hefur leikskólavist í heimahverfi.*

Að því gefnu að gögn séu til staðar þá er ekkert því til fyrirstöðu að birta hlutfall barna í hverju grunnskólahverfi sem hafa leikskólavist. Vert er þó að hafa í huga að leikskólastigið er ekki hverfaskipt og dreifing leikskóla í grunnskólahverfum er ekki jöfn. Þannig er hugtakið "heimahverfi" í samhengi við leikskólavist ekki gagnlegt.

*Bætt verði við upplýsingum frá skipulagssviði um hve margar íbúðir séu í byggingu þannig að hægt verði að gera grófa spá fyrir þörf á skóla- og leikskólarýmum í hverju grunnskólahverfi fyrir sig.*

Þjónustu- og nýsköpunarsvið mælir ekki með að bæta við upplýsingum um húsnæðisuppbyggingu á upplýsingasíðu um stöðu leikskólamála borgarinnar. Sviðið telur að viðbótar upplýsingar um húsnæðisuppbyggingu gætu leitt til þess að mikilvægar upplýsingar um stöðu leikskólamála gætu týnst á síðunni eða orðið ill aðgengilegar. Verið er að þróa vöru sem sýnir húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík og mælir þjónustu- og nýsköpunarsvið frekar með að nota hana til þess að meta þörf á þörf skóla- og leikskólarýma. Hægt væri t.d. að bæta við leik- og grunnskólum ásamt upplýsingum um fjölda plássna inn á kortið og hægt að meta þörf á nýjum skólum eða deildum í samhengi við uppbyggingu íbúða.



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

*Inga Rós Gunnarsdóttir*

Inga Rós Gunnarsdóttir,  
Skrifstofustjóri gagnþjónustu Reykjavíkurborgar